

## Einokunarstaða í mjólkuriðnaði er á kostnað almennings

Undanþágur í mjólkuriðnaði frá samkeppnislögum bitna á almenningi og bændum en styrkja stöðu einokunarfyrirtækja. Samfylkingin hefur með framlagningu frumvarpa og breytingartillagna ítrekað lagt til að ákvæði í Samkeppnislögum um undanþágur er varða samráð, samruna og verðtilfærslu í mjólkuriðnaði verði felldar úr lögum. Undanþágurnar voru lögfestar í Samkeppnislögum nr.25/2004 og strax við afgreiðslu þeirra laga kom andstaða Samfylkingarinnar greinilega í ljós. Árið 2011 studdu þingmenn Samfylkingarinnar einir breytingartillögur á þingi sem áttu að fella úr gildi undanþágur frá samkeppnislögum.

Mjólkursamsalan ehf (MS) er eina fyrirtækið hér á landi sem selur hrámjólk í heildsölu til annarra mjólkurvöruframleiðenda, ásamt því að nýta hana til eigin framleiðslu. MS er í afar sterkri stöðu á íslenskum mjólkurmarkaði og tekur við um 90% af þeirri hrámjólk sem bændur framleiða. MS er í nánnum tengslum við næst stærsta fyrirtækið á mjólkurmarkaði, Kaupfélag Skagfirðinga (KS). Fyrirtækin eru nánast einráð í mjólkurviðskiptum hér á landi. Samkeppniseftirlitið hefur sektað MS um 480 m.kr. fyrir að hafa misnotað markaðsráðandi stöðu sína.

Á sama tíma og áfellingisdómur Samkeppniseftirlitsins er felldur yfir MS vinna ríkisstjórnarflokkarnir að því að festa einokunarstöðuna í sessi með nýjum búvörusamningum. Alþingi hefur ekki staðfest samningana og Samfylkingin mun beita sér gegn þeim. Ef fyrirætlan ríkisstjórnarinnar nær fram að ganga verður ekki mögulegt að gera nauðsynlegar umbætur á úreltu landbúnaðarkerfi næstu 10 árin. Samfylkingin vill að stuðningi ríkisins við framleiðslu landbúnaðarvara verði breytt og að tekið verði upp árangursríkara fyrirkomulag sem styrkir byggðir, eykur frelsi bænda, gerir nýliðun þeirra auðveldari, stuðlar að nýsköpun, eykur hagkvæmni framleiðslunnar og bætir hag neytenda.

Hér eru tenglar á vef Alþingis um [samþykkt Samkeppnislaga](#), [breytingartillögu sem aðeins Samfylkingin samþykkti árið 2011](#) og [frumvarp sem lagt var fram á síðasta þingi um afnám undanþága frá samkeppnislögum](#).